



Reglugerð um val á landsliðum eldri kyllinga fyrir mót EGA

1. gr.

Stjórn Landssamtaka eldri kyllinga velur landslið eldri kyllinga til keppni á mótum EGA samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Í flokki kvenna 50 ára og eldri er valið eitt landslið með sex einstaklingum til þátttöku í móti EGA. Fjórir efstu kyllingar á Öldungamótaröðinni þar sem 5 mót af 6 telja vinna sér landsliðssæti. Íslandsmót eldri kyllinga telur sem eitt mót. Afreksnefnd GSÍ velur tvo kyllinga.

3. gr.

Í flokki karla 50 ára og eldri er valið eitt landslið með sex einstaklingum til þátttöku í móti EGA. Fjórir efstu kyllingar á Öldungamótaröðinni þar sem 5 mót af 6 telja vinna sér landsliðssæti. Íslandsmót eldri kyllinga telur sem eitt mót. Afreksnefnd GSÍ velur tvo kyllinga.

4. gr.

Einstaklingur sem nær aldri áður en keppni liðsins er sett, hefur íslenskan ríkisborgararétt, er félagi í íslenskum golfklúbbi og er áhugamaður í golfi á kost á að verða valinn í landslið fyrir EGA mót.

5. gr.

Konur sem keppa um landsliðssæti skulu leika af bláum teigum, eða sambærilegum, bjóði viðkomandi völlum upp á bláa teiga, annars skal leikið af fremri teigum. Karlar leika af gulum teigum, eða sambærilegum. Leikinn er höGGLEIKUR.

6. gr.

Fyrir landslið gildir að ef kyllingur sem áunnið hefur sér rétt til landsliðssætis, afsalar sér þeim rétti mun landsliðsnefnd LEK velja kylling í hans stað. Allir landsliðsmenn skulu staðfesta að þeir treysti sér til að standast keppnisskilmála þeirra móta sem landslið tekur þátt í og að þeir séu tilbúnir til að greiða hluta ferðakostnaðar í samræmi við ákvörðun LEK nefndar.

7. gr.

Stjórn LEK sker úr ágreiningi sem upp kann að koma varðandi stigamótin og val í landslið. Þeim úrskurði er ekki hægt að áfrýja.

8. gr.

Stig eru ekki gefin þeim keppendum sem nota hjól eða golfbíl.

9. gr.

Konur sem valdar eru í landslið fyrir mót EGA skulu ekki hafa hærri grunnförgjöf en 12 þegar liðið er tilkynnt til keppni.

Karlar sem valdar eru í landslið fyrir mót EGA skulu ekki hafa hærri grunnförgjöf en 9 þegar liðið er tilkynnt til keppni.

10. gr.

Ef tveir eða fleiri eru jafnir skal sá valinn sem efstur hefur orðið í fleiri mótum og ef þeir eru enn jafnir þá skal sá valinn sem hefur lægra meðalskor úr stigamótunum. Fáist ekki úrslit með þessu móti ræður hlutkesti.

11. gr.

Að öðru leyti gildir reglugerð Öldungamótaraðarinnar, reglugerð GSÍ um stigakeppni og móta- og keppnisreglur GSÍ.

Þannig samþykkt af Landsnefnd eldri kyllinga í nóvember 2018.